

Skýrsla svæðisstjóra Eddusvæðis starfsárið 2009-2010.

Þegar ég tók við sem svæðisstjóri hafði ég háleit markmið um að fjölga félögum í Eddusvæði og hvetja klúbbfélaga til að taka inn yngri félaga í tilraun til að færast nær nútímanum. Þegar ég heimsótti klúbbana varð ég var við að þeir hafa sínar hefðir og er lítið um breytingar á starfinu.

Þetta starfsár er búið að vera skemmtilegt og verður minnst sem afmælisársins mikla, en þrjár klúbbar héldu upp á afmæli sín á starfsárinu. Þyrill hélt upp á 40 ára afmæli, Jörfi hélt upp á 35 ára afmæli og Höfði fagnaði 20 ára afmæli. Heitasta umræðuefni starfsársins var nýtt svæðaskipulag þar sem plan B verður trúlega að veruleika. Kiwanisklúbbarnir Höfði, Jökklar, Jörfi, Katla, Þyrill, Básar, Elliði, Esja og Hekla sameinast í myndarlegt svæði sem ekki hefur hlotið nafn en hefur gengið undir vinnuheitinu Freyssvæði. Klúbbarnir í svæðinu tóku þátt í hjálmaverkefninu og nutu hjálpar fyrrum félaga okkar í Smyrli. Mæting í klúbbum hefur almennt verið góð, eða um 75%.

Formlegir fundir hjá svæðisráði voru tveir, þar sem svæðisráðstefnur voru skipulagðar. Svæðisráðstefnur voru haldnar í Reykjavík 14. nóvember og 27. mars á Akranesi. Þátttaka var góð, skýrslur forseta góðar og umræður málefnalegar.

Klúbbar í Eddusvæði eru fimm.

Höfði er 29 manna klúbbur. Félagslega sterkur og vel stjórnað. Félagafjöldi hefur staðið í stað, tveir menn í aðlögun og verða að öllum líkindum teknir inn á stjórnarskiptum í september. Fjáröflun er ein og er það sala flugelda. Styrktarverkefni eru flest í þágu barna og einnig gaf klúbburinn 25 matarkörfur þurfandi fjölskyldum í heimahverfi sínu. Höfði hefur einnig forsjá með Byggjendaklúbb Engjaskóla og gerir það vel. Höfðafélagar hafa skilað 1050 vinnustundum og veitt styrki að upphæð kr. 968.000.

Jörfi telur 32 menn, klúbburinn er rótgróinn og félagslega sterkur. Jörfi er skipulagður og hafa nýjar verklagsreglur, sem þeir settu á heimasíðu sína, vakið athygli. Jörfa er vel stjórnað og búið er að fjölga um 2 menn á starfsárinu. Fjáraflanir eru ýmisskonar sölur og árleg sviðaveisla. Styrktarverkefni eru mjög breytileg. Einnig má benda á heimasíðu þeirra en hún er uppfærð reglulega með nýjum fréttum. Jörfafélagar hafa skilað 445 vinnustundum og veitt styrki að upphæð kr. 1.722.800.

Jökklar er 11 manna klúbbur þar sem fækkun hefur átt sér stað á síðustu árum. Þeir halda því fram að fjölgunarmöguleikar séu rýrir og reyna að funda einu sinni í mánuði. Jökklar verða fertugir 2012. Gaman væri ef einhver tæki sig til og skrifaði sögu klúbbsins því hann hafði veruleg áhrif á sitt heimahérað á síðustu öld. Jökklafélagar hafa skilað 20 vinnustundum og veitt styrki að upphæð kr. 266.000.

Katla er 36 manna klúbbur með fækkun um tvo menn á árinu. Öflugur félagsmálaklúbbur. Athyglisverð fjáröflun er torgklukkan en auglýsingasala af henni hrundi í kreppunni, en kom sterk inn 2010. Styrktarverkefni eru breytileg en alltaf gleðst maður yfir Kötludúkkunum. Þeir framleiða dúkkurnar og gefa á Barnaspítala Hringsins og á Slökkvistöðina til að hafa í sjúkrabílunum. Félagar í Kötlu hafa unnið að uppsetningar nýrrar heimasíðu. Kötlufélagar hafa skilað 1133 vinnustundum og styrkjum upphæð kr. 350.000.

Þyrill er 30 manna klúbbur, öflugur í sinni heimabygð. Þeim hefur fjölgað um tvo á starfsárinu. Helsta fjáröflun þeirra er flugeldasala sem þeir reka ásamt ÍA. Áhugavert er samstarf þeirra að uppbyggingu barna- og unglिंगastarfs. Styrktarverkefni eru breytileg. Þyrilsfélagar hafa skilað 300 vinnustundum og veitt styrki að upphæð kr. 400.000. Einnig hafa Þyrilmenn samþykkt styrki að upphæð 2.990.000 kr. Í tilefni 40 ára afmælis þeirra. En afhending á styrkjum hefur ekki farið fram þegar þetta er skrifað.

Þetta eru ekki tæmandi upplýsingar úr svæðinu en sýnir þó að það er líf í starfinu. Tölur sem hér koma fram eru til og með maí. Styrkleiki klúbbanna eru þeirra öflugu félagsmálamenn sem geta miðlað af sinni reynslu. Veikleiki klúbbanna er lítil fjölgun á yngri félögum en umfram allt eru klúbbarnir til í að auka mannleg og góð samskipti og láta gott af sér leiða. Undirritaður er búinn að eiga mjög gott samstarf við forseta og félagi klúbbana og vill þakka frábærar móttökur í heimsóknnum sínum til þeirra .

Með Kiwaniskveðju,

Jakob Marinósson Svæðisstjóri Eddusvæðis.